



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
b.t. bæjarráðs
Stilholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 11. september 2018

1801200 SDA/aó

Efni: Viðauki nr. 4 við fjárhagsáætlun 2018

Í fylgiskjölum sem fylgja þessu bréfi eru gerðar tillögur að viðauka nr. 4 við fjárhagsáætlun fyrir árið 2018. Tillögurnar byggja m.a. á samþykktum bæjarstjórnar og bæjarráðs á tímabilinu 1. júní til og með 31. ágúst 2018. Einnig eru tillögur deildarstjóra og verkefnastjóra um leiðréttingar og færslu á milli liða sem leiða ekki af sér breytta rekstrarniðurstöðu. Tillögur vegna breytinga á launaliðum vegna kjarasamninga í hluta deilda er mætt með millifærslu úr óúthlutuðum launaliðum. Hluti tillagna frá bæjarráði gera ráð fyrir lækkingu á rekstrarafkomu A- hluta um nettó kr. 35.777.000. Lækkar rekstrarafkoma A – hluta úr 201.053 þús/kr í 165.276 þús/kr. Rekstrarafkoma A og B – hluta lækkar úr 191.720 þús/kr í 155.943 þús/kr. Handbært fé A og B hluta vegna rekstrarliða lækkar um kr. 35.777.000.

Áætluð fjárfesting A – hluta er hækkuð um 15,500 m.kr. Þessar breytingar verða til þess að handbært fé A- hluta lækkar úr 1.009.773 þús/kr. í 958.496 þús/kr. eða um kr. 51.277 þús/kr. Handbært fé A og B - hluta lækkar úr 1.131.901 þús/kr. í 1.080.624 þús/kr. eða um kr. 51.277 þús/kr.

Vakin er athygli á því að samþykkt bæjarráðs frá 18. maí 2018, þar sem 6.000.000 króna er ráðstafað vegna öryggiskerfa og öryggiseftirlits hefur að hluta verið dreift á einstaka stofnanir eða alls 2.688.000 krónum. Eftirstöðvar eru því að hámarki 3.312.000 krónur. Samþykktin gerir ráð fyrir að upphæðinni verði mætt með lækkingu áætlaðs rekstrarafgangs.



Helstu tillögur að breytingum sem hafa áhrif til lækkunar rekstrarafkomu:

- Ráðning persónuverndarfulltrúa vegna innleiðingar nýrrar persónuverndarlöggjafar leiðir af sér aukin útgjöld um 4.300.000 krónur.
- Kaup á vinnustaðgreiningu fyrir Akraneskaupstað leiðir af sér aukin útgjöld um 1.873.000 krónur.
- Viðgerð á slökkvibíl – endurnýjun dælu leiðir af sér aukin útgjöld um 17.000.000 krónur.
- Ráðning verkefnastjóra sem er sérhæfður í atvinnumálum leiðir af sér aukin útgjöld um 4.785.000 krónur.
- Aukafjárveiting til leikskólanna vegna niðurfellingar á skerðingu veikindaafleysingar leiðir af sér aukin útgjöld um 4.290.000 krónur.
- Breyting á reglum um niðurgreiðslu vegna barna hjá dagforeldrum sem felur í sér aukinn afslátt til foreldra fjölburabarna sem leiðir af sér aukin útgjöld um 841.000 krónur.
- Hluti áætlaðs kostnaðar vegna öryggiskerfa og öryggisefirlits sem leiðir af sér aukin útgjöld um 2.688.000.

Alls gjaldfærsla að upphæð 35.777.000 krónur.

Helstu tillögur að breytingum sem hafa áhrif til hækkunar rekstrarafkomu:

- Ekki tillaga um breytingu.

Alls tillögur að upphæð 0 kr.

Helstu tillögur að breytingu á fjárfestingu:

Endurnýjun á netbúnaði og þráðlausu neti í stofnunum Akraneskaupstaðar sem leiðir af sér hækkun að upphæð 15.500.000 krónur.

Nettó breyting á fjárfestingu er því 15.500.000 krónur til hækkunar.



Akraneskaupstaður

Helstu tillögur að breytingu á handbæru fé:

Nettó breyting á handbæru fé í A og B – hluta verður því – (35.777.000 + 15.500.000)
eða krónur 51.277.000 til lækkunar.

Virðingarfyllt,

Andrés Ólafsson

verkefnastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs

Steinar Adólfsson

sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs